

## Fundargerð

21. stjórnarfundur FHA haldinn 14. febrúar, 2011 kl. 14:15

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson, (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Þóra Rósa Geirsdóttir (PRG) og Hjördís Sigursteinsdóttir (HS).

### Dagskrá:

1. Opinn félagsfundur

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir kom að máli við Helga og sagði frá vinnu sem hafin væri við að endurskoða reglur um vinnumatssjóð. Umræða var að fá Stefán, rektor til að kynna nýjar reglur um vinnumatssjóð á opnum félagsfundi. Fundarmenn voru sammála um að við endurskoðun á reglum um vinnumatssjóð þarf að skoða hvernig reglurnar eru í HÍ. Vitað er að sérfræðingar eru öðruvísi skilgreingir þar, opna þarf á umræðu vegna sérfræðinga við HA. Ákveðið var að næsti opni fundur yrði um vinnumatssjóðinn og hugsanlegar breytingar á honum.

2. Aðalfundur HA

Hefja þarf undirbúning fyrir aðalfund félagsins. Stefnt er að halda fundinn í maí. HG sagði frá því að hann myndi ekki gefa kost á sér áfram sem formaður FHA. Manna þarf stjórn og nefndir og var ákveðið að byrja strax að leita að nýjum kandídötum.

3. Önnur mál

Ekki komu fram erindi undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15.30